



Umsókn um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Upplýsingar

Með þessari umsókn ertu að sækja um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Markmið NPA er að fatlað fólk hafi raunverulegt val og stjórn á því hvernig aðstoð er skipulögð og framkvæmd, sbr. lög nr. 38/2018, reglugerð nr. 1250/2018 og 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Grunnupplýsingar um umsækjanda

Nafn:	Kennitala:	
Heimilisfang:	Póstfang:	Sími/símar:

Aðstandandi/tengiliður umsækjanda

Nafn:	Kennitala:	
Tengsl:	Póstfang:	Sími/símar:

Fylgigögn

- ☐ Sjálfsmat umsækjanda
- ☐ SIS-mat
- ☐ Örorku- og/eða umönnunarmat
- ☐ Staðfesting á fötlunargreiningu ef hún er ekki þegar til staðar hjá velferðarsviði

Staðfesting umsóknar

Ég staðfesti að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Ég skuldbind mig til þess að upplýsa velferðarsvið Kópavogsbæjar um breytingar á búsetu og félagslegum aðstæðum sem áhrif kunna að hafa á umsóknina.

Vakin er athygli á vinnslu persónuupplýsinga af hálfu velferðarsviðs Kópavogsbæjar á bls. 2.

Kópavogi, _____
dagsetning

Undirskrift

Ef við á, undirskrif aðstandanda/tengiliðs

Persónuvernd

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni og lagt mat á rétt þinn til þjónustunnar er velferðarsviði Kópavogsbæjar nauðsynlegt að vinna með náðar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú veitir og er aflað í umsóknarferlinu.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Kópavogsbæ er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um stuðningsþjónustu. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 með síðari breytingum. Veitir þú ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Réttur til stuðnings byggir á stöðu og aðstæðum umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

Almennar persónuupplýsingar: Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, fjölskyldugerð, kennitala, símanúmer, netfang, húsnæðisstaða og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Viðkvæmar persónuupplýsingar: Örorku- og umönnunarmat eða staðfest fötlunargreining, eftir því sem við á. Læknisvottorð, sálfræðimat, SIS-mat, félagsleg staða og fjölskylduaðstæður.

Hvaðan koma upplýsingarnar? Umsækjandi veitir framangreindar upplýsingar auk þess sem Kópavogsbær sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Einnig geta upplýsingar borist frá fleiri aðilum s.s. Tryggingastofnun, Utlendingastofnun, heilbrigðisstofnunum, sýslumönnum, grunn- og leikskólum, frístundaúrræðum, barnaverndarnefndum og öðrum þjónustuveitendum.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Kópavogsbæ.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Kópavogsbær gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðja aðila

Að tilgreindum tíma liðnum er Kópavogsbæ skylt að afhenda Héraðsskjalasafni öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um stuðning til varðveislu. Kópavogsbær mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema bænum sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun Kópavogsbær ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Kópavogsbær vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Kópavogsbæjar sem aðgengileg er á heimasíðu bæjarins.

Kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Kópavogsbæjar

personuverndarfulltrui@kopavogur.is

Velferðarsvið Kópavogsbæjar
Vallakór 4
203 Kópavogur
Sími: 441-0000
Netfang: velferd@kopavogur.is